

Árni Helgason

Vatnasvæði Lagarfljóts - Afangaskýrsla
og tillögur um seiðasleppingar sumarið
1982.

VEIDIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

17.08.1982

VAUST / 8202

Mangarsingsla 82-6.

VEIDIMÁLASTOFNUNIN
INSTITUTE OF FRESHWATER FISHERIES
P.O. BOX 754-101 REYKJAVÍK ICELAND

Veidifélag Fljotsdalshéraðs
c/o Gunnar Jónsson,
Egilsstöðum 5,
Egilsstaðahreppi

17.08.1982

Seiðakönnun í þverám og lækjum Lagarfljóts var framkvæmd dagana 1-7 júlí og 4-8 ágúst nú í sumar. Niðurstöður hennar munu liggja fyrir seinna á þessu ári, en ég tek hér saman helstu atriði, sem fram hafa komið og koma að gagni við ákvarðanatöku í sambandi við seiðasleppingar nú í sumar.

Talsverð afföll virðast verða á sleppiseiðum fyrsta veturinn í ánum, og styrkir það skoðun mína að undanfarin ár hafi sleppingar átt sér stað of seint á sumrin. Þegar sleppt er í ágúst, eins og hér er venjan, verður aðlögunartími sleppiseiða mjög stuttur áður en vetur gengur í garð, og vaxtartími í ánum nýttist seiðunum illa, og þau eru ver undir veturinn búinn heldur en elja ef sleppt væri fyrr.

Árangur sleppinga undanfarinna 3ja ára er æði misjafn eftir ám á svæðinu. Lakastur er hann í Eyvindará og Grímsá, en mjög lítið fannst af laxaseiðum þar, og vöxtur þeirra, einkum í Eyvindará afar hægur. Beztan árangur má sjá í litlum ám og lækjum t.d. Þorleifar á í Fellum, þar sem sleppt var síðastliðið sumar, og eru þau seiði komin í tæpa 9cm að meðallengd nú í byrjun ágúst.

Í framhaldi af þessu legg ég til, að sumaröldum seiðum, sem sleppa á nú í sumar, verði dreift í minni árnar, Rangá og Snjóholtsvatn (eða Eiðavatn, ef ekki reynist mögulegt að nota Snjóholtsvatn), en Eyvindará og Grímsá verði sleppt þetta árið. Skiptingin yrði þá þessi:

| | | |
|------------------|-------|------------------|
| Rangá | 6.000 | |
| Þorleifar á | 2.000 | |
| Ormarsstaðá | 2.000 | + 1.000 |
| Svínaá | 1.000 | |
| Uppsalaá | 2.000 | + 1.000 |
| Miðhúsaá | 1.000 | 1.000 |
| Unalækur | 1.000 | |
| Snjóholtsvatn | 5.000 | (eða Eiðavatn) 0 |
| <i>EYVINDARÁ</i> | | 2000 |
| <i>Tunguá</i> | | 1000 |



Fáein oró um smáseiðasleppingar.

200 400

Inngangur.

Undanfarin ár hafa sleppingar sumaralinna laxaseiða í ár og vötn á Íslandi færst í vöxt. Helsta markmið slíkra sleppinga er að auka fiskgengd í laxveiðiár með nýtingu á ófiskgengum hlutum vatnakerfa. Fyrstu sleppingar smáseiða hafa líklegast víða skilað litlum árangri vegna vanþekkingar á sleppiaðferðum og vali á sleppistöðum. Til þess að smáseiðasleppingar beri árangur þarf að hafa ákveðin atriði í huga.

1. Sleppistaðir: Helstu atriði sem huga þarf að, varða botngerð og straumlag árinna. Laxaseiði halda sig mest á smágrýttum og grýttum botni í meðalstraum, ca 0,5-1 m/sek. (grýtt brot). Þar fá seiðin skjól og fæðu sem aðallega eru rykmýs- og bitmýs-lirfur sem halda sig á slíkum botni. Þessi botndýr eru síarar, sem sía lífræn efni (þörungur) sem reka niður ána. Athygli skal vakin á því að smáseiðum á ekki að sleppa í fiskgenga hluta vatnakerfa þar sem lax hrygnir, nema að undangenginni rannsókn og meðmálum, þar sem seiðapéttleiki er yfirleitt nægur fyrir.

2. Péttleiki: Péttleiki seiða má ekki vera of mikill. Rannsóknir Veiðimálastofnunar í Hrútafjarðará hafa leitt í ljós að hentugur seiðapéttleiki er 1 seiði á hverja 2 m². Þess vegna er mjög mikilvægt að dreifa seiðum vel á sleppisvæðið, því ljóst er að smáseiði dreifa sér lítið eftir sleppingu. Ef of mikill péttleiki er til staðar leiðir það til minnkunar á vexti og hærri dánartölu og árangur af sleppingunni verður lítill.

3. Sleppitími: Hentugasti sleppitími er um leið og árnar byrja að hlýna og æskilegt að sleppa ekki seinna en miðsumars. Vaxtartími laxaseiða er stuttur á Íslandi, hugsanlega frá seinnipart maímánaðar til mánaðarmóta ágúst/september eftir því hvernig árar hverju sinni. Mjög æskilegt er að seiðin fái tíma til að aðlagast aðstæðum í ánni og nái að vaxa nokkuð áður en vetur gengur í garð, þar sem laxaseiði vaxa ekki yfir vetrartímann, heldur léttast og verða þá að ganga á eigin vefi.

Snjóholtsvötn eða Eiðavatn.

Dreifa 5000 seiðum í vatnið eftir föngum.

Ef ekki reynist unnt að sleppa seiðum í Snjóholtsvötn eða Eiðavatn þá er vænlegast að skipta þeim 5000 seiðum, sem þangað hefðu farið þannig.

Tunguhagalækur.

1000 seiði á grýtta kafla beggja megin við þjóðvegsbrúna.

Eyvindará.

2000 seiði á valinn kafla á Flötum (t.d. móts við Kálfshól) þar sem botn er grófur og virðist stöðugur. Mikilvægt er að merkja með einhverjum hætti hvar byrjað er að sleppa, og hvar endað er. Vænlegast er að einbeita sér að svæðum með bökkum.

Uppsalaá.

Bæta 1000 seiðum við á neðra svæðið í Uppsalaá.

Ormarsstaðaá.

Bæta 1000 seiðum við svæðið ofan brúar.

Við sleppinguna er mikilvægt að velja hentuga botngerð fyrir seiðin þar sem þau halda sig mest á þeim svæðum þar sem þeim er sleppt. Bestu skilyrði eru þar sem botn er grýttur/smágrýttur og rennsli er í meðallagi. Þetta er gjarnan á smáum brotum. Seiðunum verður að dreifa vandlega á þessa staði og er miðað við að 1 seið komi á hverja 2 m^2 eða um 50 seiði á 100 m^2 .

Lagarfljótsvæði. Sleppingar småseiða 1982.

Rangá.

Frá neðstu brú og uppundir rafstöð. 3000 seiði.

Frá gömlu brú og uppfyrir Flúðir. 3000 seiði

Þorleifarás í Fellum.

Frá beygju neðan við Miðhúsasel og uppúr. 2000 seiði.

Ormarsstaðaá.

Á merktan kafla (200 metra kafla markaður með tréhælum) rétt neðan við brú. 400 seiði jafndreift. Þessi seiði þyrfti að lengdarmæla að hluta t.d. 50 seiði. Áfram uppúr í beinu framhaldi af merkta kaflanum þ.e.a.s fyrir ofan brú. ~~2600~~ seiði.

Svínaá. Rennur í Ormarsstaðaá 100 m fyrir ofan brú.

Frá mótum Ormarsstaðarár og uppúr.

Uppsalaá.

Frá lítilli flúð rétt ofan við vað á veginum í malarnámið, sem er á eyrinni við Eyvindará gegnt Egilsstaðahesthúsum. 1000 seiði. Frá girðingu, sem er yfir ána við bæinn Fossgerði og í átt að fossi. 1000 seiði.

Miðhúsaá.

Á grýtta kafla skammt neðan við Steinholt. 1000 seiði. Gjarnan setja fáein seiði í neðsta hluta Sellæks, sem rennur í Miðhúsaá á þessum kafla. 1000.

Unalækur.

1000 seiði á kafla þar sem vel er grýtt og góður straumur. T.d. fyrir neðan Þjóðveg.

Það er mjög mikilvægt við sleppingar sem þessar að vita að það
vissu hvar byrjað er að sleppa og hvar endað. Það er ávallt gott
eftirlit með árangrinum á næstu árum á eftir. Einkum er ástæða til
að mæla lengd sleppisvæðanna í Ormarsstaðaá og Uppsalaá, þar sem
athugandi er að kanna endanlegan árangur í þessum ám með gröngu-
seiðagildrum, og þá er nauðsynlegt að vita hversu þétt seiðin voru
sett á í upphafi.

Ég lét fylgja hér stuttar almennar upplýsingar um aðferðir við
smáseiðasleppingar og einnig nánari lýsingar á sleppistöðum í
hinum ýmsu ám og lækjum.

Kærar kveðjur,
Árni Helgason.